

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvalaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vt:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rault númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
	dagur, mánuður, ár	
03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hvítanes	03	
02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	03	
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú	03	
03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003	03	
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48) endurbýgging. II. áfangi	03	
02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003	03	
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03	
02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711) Tjarnará - Þórsá 2003	03	
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsa 2003	03	
02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003	03	
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03	
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Vífilsstaðavegur	03	
03-008 Vf. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	03	
03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik	03	
01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut	03	
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03	
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03	
03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur	03	
03-036 Sl. Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003	03	
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03	
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	03	
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03	
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	03	
03-039 Sl. Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá - Markarfljót)	03	
03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes	03.03	
03-038 N.v. Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003-2004	03.03	
03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	03.03	
03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) um Kálfaaneslæk	03.03	
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03.03	
03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing	03.03	
03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859)	03.03	
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundapúfa	10.03.03	24.03.03
03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Hringvegur - Lindarhlíð	10.03.03	24.03.03

Útboð sem hafa verið auglýst, framhald Auglýst:

03-024 N.v. Yfirborðsmerkingar, sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003-2004	10.03.03	24.03.03
03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós	10.03.03	31.03.03
03-006 Vf. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt	03.03.03	17.03.03
03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun	03.03.03	31.03.03
03-025 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003	24.02.03	10.03.03
02-099 N.v. Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur	24.02.03	10.03.03
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránu- gata -Tjarnargata á Siglufirði	24.02.03	17.03.03
03-023 N.v. Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003-2004	24.02.03	10.03.03
03-004 Vf. Djúpvegur (61), Þorskafjarðar- vegur - Sóleyjarhvammur	24.02.03	10.03.03
03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003	24.02.03	10.03.03
02-019 Vf. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	17.02.03	10.03.03
03-026 Au. Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit	17.02.03	10.03.03
03-016 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka	10.02.03	10.03.03

Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	17.02.03	03.03.03
03-035 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit	17.02.03	03.03.03
03-034 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), niður- rekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós	10.02.03	24.02.03
03-027 Vf. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar	10.02.03	24.02.03
01-122 Au. Fáskrúðsfjarðargöng	21.05.02	17.02.03

Samningum lokið Opnað: Samið:

Ekki hafa borist neinar fréttir af nýjum verksamningum frá því 5. tölublað kom út.

Auglýsingar útboða

Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð 03-028

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu á 5,8 km löngum kafla á Aðaldalsvegi frá Helgastöðum að Lindahlíð. Helstu magn-tölur: fyllingar 24.300 m³, burðarlög 30.200 m³, klæðing neðra lag 43.000 m², frágangur fláa 70.100 m², rofvarmír 300 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 10. mars 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 24. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Framkvæmda- fréttir 7. tbl. /03



Gatnamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur.

Arnarnesvegur, mat á umhverfisáhrifum

Vegagerðin áformar að leggja stofnbraut frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut. Fyrirhugaður vegur ber heitið Arnarnesvegur og liggur um land Reykjavíkur, Kópavogs og Garðabæjar. Áætlað er að byggja veginn í þremur áföngum. Fjárveitingar í samgönguáætlun eru 100 m.kr. 2003-2006, 300 m.kr. 2007-2010, 300 m.kr. 2011-2014.

Arnarnesvegur austan Reykjanesbrautar um Leirdal að Breiðholtsbraut hefur verið á skipulagi síðastliðin rúm 20 ár. Á þessu tímabili hefur lega vegarins um Leirdal færst nokkuð frá upphaflegum hugmyndum. Árið 1998 var veginum fundinn sá staður þar sem hann er nú áætlaður.

Arnarnesvegur er áformaður í landi sem er nú í jaðri byggðar. Í framtíðinni er áætluð á þessu svæði mikil stækkun byggðar Kópavogs og að litlu leyti stækkun Garðabæjar. Áformaður vegur er að stórum hluta á framtíðar byggingarlandi Kópavogs og því má líta á veginn sem hluta uppbyggingar sem er nú þegar hafin.

Matskýrsluna leggur Vegagerðin fram samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Hún er byggð á mats-áætlun um Arnarnesveg sem samþykkt var af Skipulagsstofnun með athugasemdum 2. maí 2002. Matið var unnið af VSÓ Ráðgjöf undir verkstjórn Vegagerðarinnar. Orion ráðgjöf og

VSÓ unnu frumdrög að hönnun framkvæmdar undir verkstjórn Vegagerðarinnar í samvinnu við Kópavogsbæ, Reykjavík og Garðabæ. Matskýrsluna í heild má finna á vegagerdin.is

Auglýsingar útboða

Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós 03-030

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í verkið Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós. Brúin er um 40 metra steipt eftirspennnt plötu-brú í tveimur höfum.

Helstu magn-tölur: gröftur 700 m³, vegrið 148 m, handrið 41 m, mótafletir 800 m², steypustyrktarjárn 29 tonn, spennit járnalögn 4,8 tonn, steypa 385 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 10. mars 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu- daginn 31. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 11. árg. nr. 329 10. mars 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson** Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson** Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs- framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.